

## **Stjórnarfundur TSÍ þann 06.10.2008 kl 21:00-22:30**

Mættir voru Raj, Gunnar, Hafsteinn, Skjöldur, Ingólfur og Rakel

Farið var yfir nefndirnar sem skipaðar voru á ársþingi TSÍ og hvernig staðan væri á þeim. Nefndirnar eru fjórar: landsliðsnefnd, mótanefnd, fjáröflunar- og markaðsnefnd og dómarnefnd.

### **Mótanefnd:**

Ingólfur er í forsvari fyrir mótanefnd en hefur ekki fundið aðila til að starfa með sér í nefndinni. Raj stakk upp á að fá Mark Lennon 15 ára gamlan strák sem er að æfa hjá sér í nefndina. Hann hefur áhuga á að starfa með mót Reykjavíkurlíðanna á laugardögum.

TFK ætlar að halda fyrsta stórmót TSÍ sem verður 24.-26. október. Haldin verða 5 stórmót TSÍ skv. vetrardagskrá Tennishallarinnar (þar sem fyrsta mótið sem átti að vera í september féll niður) og 8 vikna mótarið verður á laugardögum. Ingólfur ætlar að vera í sambandi við Mark og athuga hvort e-r landsliðsmenn t.d. Teitur, Andri eða Arnar hafi áhuga á að vera í mótanefnd.

### **Landsliðsnefnd:**

Í ljósi þess að Carola hefur sagt af sér þurfti að finna nýjan aðila til að stýra landsliðsnefndinni. Gunnar, Hafsteinn og Rakel buðu sig fram í landsliðsnefnd og ákveðið var að Gunnar myndi leiða nefndina. Talið var eðlilegt að landsliðsþjálfari væri ekki í landsliðsnefndinni en myndi að sjálfsögðu starfa í nánú samstarfi við hana. Fyrsta landsliðsæfing var síðastliðin sunnudag og voru 10 manns boðaðir á æfinguna, 6 strákar og 4 stelpur. 7 manns mættu á æfinguna. Raj stýrði æfingunni og lagði fram bolta. Skjöldur sagðist hafa rætt við nokkra landsliðsmenn og þeir höfðu allir áhuga á að hafa Raj áfram sem landsliðsþjálfara.

Talað var um að gott væri að hafa landsliðsæfingar x2 í viku fast, e.t.v. eina seint að kvöldi þegar eru lausir vellir og hina á sunnudagsmorgnum. Jónas hefur líka verið liðlegur með að leyfa landsliðsmönnum að spila frítt í Tennishöllinni á þeim tímum sem vellir hafa verið lausir.

Raj talaði um að landsliðsnefnd þyrfti að athuga með landsliðsgalla, tennisbolta og sjá um flugmiðakaup.

Raj ætlar að senda póst á kvennalandsliðið (cc á landsliðsnefnd) til að sjá hverjar gefa kost á sér í Fed Cup 2009.

Talað var um að fyrsta verkefni landsliðsnefndar ætti að vera að ráða landsliðsþjálfara.

Miklir peningar fara í gegnum landsliðsnefnd. Skjöldur telur æskilegt að gjaldkerinn sé alltaf með í ráðum og ætti að hafa hálfgerit neitunarvald.

Landsliðsnefnd þarf að passa að ákveðnir aldurshópar verði ekki útundan líkt og var fyrir árið 2008. Rakel nefndi að það væri mikilvægt að reyna að ákveða landsliðkeppnisferðir með eins miklum fyrirvara og auðið er (líkt og er með Davis Cup og Fed Cup) sem mun líklega skila sér í meiri metnað og dugnað á æfingum þar sem það hefur þá meira að keppa að.

Ekki hefur verið nein landsliðsæfingaferð fyrir árið 2008 sem eyða átti 300 þ.kr í skv fjárhagsáætlun fyrir árið 2008.

Í fyrra var viðmið fyrir fólk að komast í landslið að keppa 50 leiki á ári og taka þátt í 7 mótum. Raj var harður á þessu og fannst mikilvægt að gerð væri ákveðin krafa til landsliðsmanna.

#### **Fjáröflunar- og markaðsnefnd:**

Jónas stýrir þeirri nefnd, ekki er vitað hvort hann sé búin að finna fleiri til að starfa með sér í nefndinni og hvort e-ð hafi verið gert.

#### **Dómaranefnd:**

Yousef stýrir þeirri nefnd, ekki er vitað hvort hann sé búin að finna fleiri til að starfa með sér í nefndinni og hvort e-ð hafi verið gert.

Ingólfur lýsti yfir áhyggjum að við séum komin fram úr fjárhagsáætlun fyrir árið 2008, þ.e. að skrifstofu- og annar kostnaður séu komnir yfir 250 þ.kr. Raj vildi aftur á móti meina að árið 2008 ætti að vera í lagi. Ákveðið var að Skjöldur, Raj og Ingólfur fari yfir peningastöðu TSÍ og sjá til þess að styrkur frá ÍSÍ komi inn.

Fjármálakreppan var rædd og lýst yfir áhyggjum að hún gæti haft áhrif á verkefni TSÍ fyrir starfsárið 2009 þar sem líklegt er að flugfargjöld og annar kostnaður við verkefni erlendis muni hækka talsvert. Raj stakk upp á því að senda alþjóða Tennissambandinu póst og segja þeim frá fjármálaástandinu á Íslandi og e.t.v. biðja um styrk.

Í ljósi þess að Carola hefur sagt sig úr stjórn TSÍ var ákveðið Rakel kæmi inn í stjórnina hennar í stað. Einnig var ákveðið að hún yrði ritari í stað Hafsteins. Þetta var þó með þeim fyrirvara að Jónas myndi samþykkja það þar sem hann var ekki á staðnum. Skjöldur ætlaði að kanna það.

Fundartími var ræddur og ákveðið að hafa hann dreifðan fram að áramótum þar sem Hafsteinn kemst ekki í hádeginu. Skjöldur mun senda fundarboð á stjórnarmenn líkt og áður. Rakel mun taka saman hvaða tímar stjórnarmenn komast á til að sem flestir muni komast á fundina. Líklegt að fundartímar verði svo í hádeginu á virkum dögum eftir áramót ef stundatöflur Skjaldar og Hafsteins leyfa það.

Starf framkvæmdastjóra TSÍ var rætt stuttlega. Skjöldur sagði að gera þyrfti samning fyrir árið 2009 í byrjun árs 2009. Rakel benti á hvort það þyrfti ekki að gera það fyrr. Í framhaldi af því var rætt hvort það væri ekki æskilegt að hafa ársþing TSÍ fyrr en á

síðasta ári til að fjárhagsáætlun sé ekki gerð þegar svo langt er liðið á starfsárið. Skjöldur sagði að erfitt væri að koma því að mikið fyrr en í apríl. Lögum samkvæmt þarf að líða 2,5 mánuður frá uppgjöri (sem er um áramót) þar til hægt er að boða þing.

Skjöldur mun boða fund eftir hálfan mánuð. Í millitíðinni ætlar landsliðsnefnd að koma saman og Skjöldur, Raj og Ingólfur ætla að fara yfir fjármál TSÍ saman. Stefnt er að því að búið verði að manna allar nefndir fyrir næsta stjórnarfund.

Kveðja,  
Rakel Pétursdóttir